

Útskrift

úr gjörðabók amtsráðs Austuramtsins.

Ár 1905, miðvikudaginn 7. júní var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins, sýslumanni og bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni á Seyðisfirði, aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni, varaamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu sjera Birni Þorlákssyni á Dvergasteini, aðalamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu sjera Jóni Guðmundssyni á Nesi og varaamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu. Þorleifi hreppstjóra Jónssyni á Hólum.

Á fundinum voru þessi málefni tekin til meðferðar:

1. Forseti las upp skipunarbrjef sitt, dags. 23. sept. f. á.
2. Forseti skýrði frá því, að kosinn hefði verið aðalamtsráðsmaður i Suðurmúlasýslu i stað Friðriks kaupmanns Möllers, sem fluttur er til Akureyrar og fyrir þann tíma, er hann átti eptir að sitja i amtsráðinu, sjera Jón Guðmundsson á Nesi. Amtsráðið samþykkti þessa kosningu.
3. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1904 með fylgiskjölum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins,
 - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins,
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins,
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

Reikningur Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar 1904, sem amtsráðið á að hafa tilsjón með samkvæmt tilskipun 23. ágúst 1904, hafði eigi borizt amtsráðinu, og var forseta því falið að ganga eptir honum.

4. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1904 úr öllum sýslum amtsins, alla með tilheyrandi fylgiskjölum.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

5. Framlögð voru og lesin upp endurrit úr gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu af fundagjörðum þeirra:
 - a. Norðurþingeyjarsýsla frá 27.—29. apríl þ. á.
 - b. Norðurmúlasýslu frá 17.—19. s. m.
 - c. Suðurmúlasýslu frá 4.—6. f. m.
 - d. Austurskaptafellssýslu frá 22.—23. s. m.

Amtsráðið hafði ekkert verulegt að athuga við fundargjörðirnar.

6. Framlagðar voru skýrslur um hag styrktarsjóða alþýðufólks í Norðurþingeyjarsýslu, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu fyrir árið 1904.

Amtsráðið athugaði skýrslur þessar og fann ekkert við þær að atahuga, annað en það, að vottorð hreppsnefnda vantar, þar sem engum styrk

hefir verið úthlutað úr sjóðunum, um að engin lögmæt umsókn um styrk hafi borizt þeim, en slík vottorð virðast nauðsynleg til þess að dæmt verði um, hvort 7. gr. alþýðustyrktarsjóðslaganna frá 11. júlí 1890 hafi verið fylgt, og áminnast sýslunefndirnar um að gæta þess, að þessu sje fylgt framvegis.

Úr Austurskaptafellssýslu var engin slík skýrsla komin, og var forseta falið að ganga eptir henni.

7. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Eiðum 1904—95 og jafnaðarreikning skólabúsins til 5. júní 1905 ásamt athugasemdum endurskoðanda, og tóku amtsráðsmennirnir úr Norðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu að sjer að endurskoða þá.
8. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1904, og tóku amtsráðsmennirnir úr Norðurþingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu að sjer að endurskoða hann.
9. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, að sýsluvegurinn sem nú er í Eiðapinghá, verði lagður niður sem sýsluvegur, en að vegurinn frá Bergsvaði að Eyvindarárbrú verði hinsvegar tekinn í tölu sýsluvega.
10. Eptir uppástungu sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu samþykkti amtsráðið, að yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar verði fjölgað um eitt. 1.—6. umdæmi sýslunnar (sjá auglýsingu dags. 25. júlí 1898, sbr. Stjórnartíðindin s. á. B. bls. 121) haldast óbreytt.
 7. Vattarnessumdæmi nær yfir bæina frá Vattarnesi að Eyri, að þeim báðum meðtöldum.
 8. Reyðarfjarðarumdæmi nær yfir bæina frá Borgargerði að Hólmahálsi.
 - 8.—14. umdæmi haldast óbreytt að öðru leyti en því, að töluröðin færir fram um einn.
11. Eptir ósk sýslunefndarinnar í Norðurþingeyjarsýslu ákvað amtsráðið, að lögferja skuli vera á Brunná að Klifshaga og samþykkti taxa fyrir ferjuþessa, sem sýslunefndin hafði sett.
12. Eptir ósk sýslunefndarinnar í sömu sýslu veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að sýslan mætti takast á hendur ábyrgð á allt að 800 kr. láni handa Þórði hjeradslækni Pálssyni til húsaýggingar á Skinnastað, með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram á fundi sýslunefndarinnar 28. apríl þ. á.
13. Forseti lagði fram brjef dagsett í gær frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, þar sem hann fyrir hönd bæjarstjórnar kaupstaðarins sækir um 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til sjúkrahússins á Seyðisfirði árið 1906; fylgdi brjefinu eptirrit af reikningi sjúkrahússins árið 1904. Amtsráðið veitti sjúkrahúsinu hina umbednu upphæð.
14. Forseti lagði fram beiðni dags. 7. f. m. frá byggingarnefnd sjúkrahúss á Eskifirði um 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til fyrirtækisins. Amtsráðið veitti hina umbednu upphæð.
15. Framlögð voru bónarbrjef frá sýslumönnum í Eyjafjardarsýslu og Húnavatnssýslu um 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til kvennaskólanna á Akureyri

82
7. júní

- og Blönduósi hvors um sig. Amtsráðið veitti hvorum skólanum um sig 100 kr. fyrir næsta ár eins og að undanförmu.
16. Lögð var fram beiðni dags. 25. febr. þ. á. frá stjórn Búnaðarsambands Austurlands um 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði handa fjelaginu næsta ár. Amtsráðið veitti Búnaðarsambandinu hinn umbeðna styrk.
 17. Lögð var fram skýrsla frá sýslunefnd Suðurmúlasýslu um það, í hverju vegabætur á sýsluvegunum þar árið 1903 hefðu verið fölgnar.
 18. Lögð voru fram svör frá sömu sýslunefnd upp á athugasemdir amtsráðsins við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu árið 1903, og fann amtsráðið þau fullnægjandi að öðru leyti en því, að engin skýrsla um eignir og skuldir sýslunnar fyrir nefnt ár fylgdi þeim, jafnvel þó getið sje um í brjefi sýslunefndaroddvitans hverjar sjeu eignir sýslunnar, án þess að virðing fylgi, og hver sje hin árlega afborgun af skuld sýslusjóðsins, án þess að eptirstöðva hennar sje getið.
 19. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem nefndir eru í þriðja tölulið a—d, og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
 20. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýslusjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.
 - a. Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að kvittun frá sýslunefndarmönnum fyrir greiðslu dagpeninga þeirra væri ekki sem fullkornust, þar sem aðeins var ritað »borgað« fyrir ofan undirskriptir þeirra undir reikninginn.
 - b. Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert athugavert, og var hann samþykktur athugasemdalaust.
 - c. Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
 1. Tekjuliður í (eptirstöðvar frá f. á.) er vantallinn um 10 kr., sem endurgjaldist sýslusjóði og færast til inntekta á reikningnum fyrir yfirstandandi ár.
 2. Í gjaldlið 2 (Ltra B. I, 4—6, fylgiskjöl nr. 4, 6, 7, 8 og 9) er talinn sýslusjóði til útgjalda kostnaður við rannsókn á alþingiskjörskrám sýslunnar, að upphæð 137,00 kr. Fyrir amtsráðinu liggja engin skilríki fyrir því, að hjer sje um kostnað að ræða, er greiða megi úr sýslusjóði samkvæmt 38. gr. alþingiskosningarlaganna frá 14. septbr. 1877, enda virðist amtsráðinu hjer muni vera um kostnað að ræða, sem greiða beri úr landssjóði, eins og annan kostnað við rannsóknir, sem eigi leiða til málshöfðunar. Amtsráðið leggur því fyrir hlutaðeigandi sýslunefndaroddvita að upplýsa mál þetta betur og frestar að samþykkja þessa greiðslu til næsta aðalfundar.
 3. Kvittun fyrir launum ljósmóðurinnar í Álptafirði (fylgiskjal 27) vantar, og ber að útvega hana og senda.
 4. Skýrslur um eignir og skuldir sýslunnar vantar; ber oddvita að semja hana og senda.

- d. Við sýslusjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert, og var hann samþykktur athugasemdalaust.
21. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.
- a. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að bæði vantar reikninga yfir kostnaðinn við aðgjörðir á sýsluvegunum og skýrslur um, í hverju þær hafi verið fölgjar. Reikninga þessa og skýrslur ber reikningshaldara að útvega og senda.
- b. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert, að á verkfæraskýrslu úr Fljótsdalshreppi er eitt nafn strykað út, þótt reikningshaldari hafi eigi tekið tillit til þess, enda engar ástæður færðar fyrir útstrykuninni á skránni. Amtsráðið telur rjett, að reikningshaldari grennslist eptir því, hversvegna nafnið hafi verið útstrykað, og hvort útstrykunin hefir verið á rökum byggð.
- c. Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert: að skýrslur vantar um það, í hverju aðgjörð á sýsluveginum í Mjóafjarðarhreppi hefir verið fölgja.
- d. Við sýsluvegasjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert, og var hann samþykktur athugasemdalaust.
22. Lögð fram beiðni frá sýslumanni A. V. Tulinius á Eskifirði um 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði næsta ár til leikfimisfjelagsins þar, sem hann er formaður fyrir. Amtsráðið veitti fjelagi þessu 50 kr. styrk eins og að undanfögnu.
23. Lögð fram beiðni frá Þórarni B. Þórarinssyni, sem formanni leikfimisfjelagsins »Friðþjófur« á Seyðisfirði, um styrk til leikfimiskennslu. — Amtsráðið veitti fjelagi þessu 50 kr. styrk næsta ár í þessu skyni.
24. Amtsráðið kaus sjera Björn Þorláksson á Dvergasteini sem fulltrúa sinn á búnaðarþingi Íslands, í stað Páls sál. amtmanns Briems og fyrir þann tíma, sem hann átti eptir.
25. Amtsráðið tók það atriði í hraðskeytasambandsmálinu til yfirvegunar, hvar heppilegast væri að landsími væri lagður gegnum amtíð, ef til kæmi. Komst það að þeirri niðurstöðu, að hann ætti helst að liggja gegnum byggð hjerud og sem næst verzlunarstöðum.
26. Amtsráðsmenn Norðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu lögðu fram reikninga Eidaskólans ásamt athugasemdum endurskoðanda og svörum stjórnarnefndarinnar, sem nú voru komin. Höfðu þeir endurskoðað reikningana, og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:
- a. Reisningur yfir tekjur og gjöld skólans 1904—1905:
Athugasemd endurskoðanda takist til greina.
- b. Jafnaðarreikningur skólabúsins 5. þ. m.:
Við aðalvirðinguna skal framvegis virða torfhús skólans með samngjörnu tilliti til kostnaðarins við torfverkið í þeim.
Amtsráðið veitti skólanum 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði og 100 kr. til bóka og áhaldakaupa, eins og að undanfögnu.

- 82** 27. Amtsbókasafnið:
7. júní a. Amtsráðsmenn Suðurmúlasýslu og Norðurþingeyjarsýslu lögðu fram bóka-
safnsreikninginn, er þeir höfðu endurskóðað. Var hann samþykktur með
þeirri athugasemd, að váttryggingargjaldið er ofreiknað um 3 kr., sem ber
að endurgjalda.
- b. Amtsráðið kaus þá bæjarfógeta Jónh. Jóhannesson, Kristján hjeradslækni
Kristjánsson, sjera Björn Þorláksson og Lárus bóksala Tómasson í bóka-
safnsnefnd til næstu þriggja ára.
- c. Lögð fram umsókn með einu fylgiskjali frá Halldóri Skaptasyni á Seyðis-
firði um sýslanina sem bóka-vörður við safnið. Var henni með skírskotun
til 3. gr. í reglum fyrir bókasafnið vísað til bókasafnsnefndarinnar.
- d. Lögð fram beiðni frá Sigurði hreppstjóra Jónssyni í Hrafnagerði um það,
að undirbókavörður verði skipaður í Fellahreppi. Amtsráðið vísaði
málaleitan þessari til sýslunefndar Norðurmúlasýslu með skírskotum til
5. gr. í reglum safnsins.
- e. Amtsráðið veitti bókasafninu 400 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, eins og að
undanförnu.
28. Amtsráðið veitti 250 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til gistihúss á vinveitinga á
Seyðisfirði næsta ár, að því tilskildu, að eigi verði unnt að koma upp slíku
húsi, svo að viðumandi sje, án styrks af opinberu fje, og að enginn maður hafi
þar þá rjett til vinveitinga.
29. Amtsráðið veitti sýslunefnd Norðurmúlasýslu heimild til þess að hækka sýslu-
vegagjaldið upp í 2 kr. fyrir árið 1906.
30. Var samin og samþykkt svohljóðandi

Áætlu n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1906.

Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar	kr. 1500 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 3800 00
	<u>Samtals kr. 5300 00</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 800 00
2. Til menntamála:	
a. Til bókasafns Austuramtsins	kr. 400 00
b. — kvennskólans á Blönduósi	— 100 00
c. — kvennskólans á Akureyri	— 100 00
d. — Eiddaskólans	— 500 00
e. — sama skóla til bóka- og áhaldakaupa	— 100 00 — 1200 00
	<u>Flyt: kr. 2000 00</u>

	fluttar kr.	2000 00	82
3. Til spítalans á Seyðisfirði	—	300 00	7. júní
4. Styrkur til sjúkraskýlis á Eskifirði	—	500 00	
5. Afborganir og vextir af lánunum jafnaðarsjóðsins úr viðlagasjóði	—	1168 00	
6. Tillag til Búnaðarfjelags Íslands	—	200 00	
7. Tillag til Búnaðarsambands Austurlands	—	500 00	
8. Styrkur til leikfimisfjelaga	—	100 00	
9. Styrkur til gistihúss á Seyðisfirði	—	250 00	
10. Til óvissra útgjalda	—	282 00	
	Samtals	kr. 5300 00	

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundarbók lesin upp og samþykkt, og var svo fundi slitið 9. júní 1905.

Jóh. Jóhannesson. Björn Þorláksson. Þorleifur Jónsson.
Árni Kristjánsson. Jón Guðmundsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Jóh. Jóhannesson.

Reikningur

83

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins 1904.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1903:			
a. Í Landsbankanum	kr.	1315 88	
b. Óendurgoldnar fyrirframborganir	—	36 »	
c. Í peningum	—	115 39	
		<hr/>	kr. 1467 27
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	6900 00	
3. Vextir af bankainnlögum til 31. desbr. 1904	—	85 76	
4. Endurgoldnar fyrirframborganir	—	17 25	
5. Skuld við reikningshaldara	—	19 29	
		<hr/>	kr. 8489 57

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	730 50
2. 10. afborgun uppi og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	241 31
3. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1904—1905, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða	—	840 00
	flýtt	kr. 1811 81